það er í þessu tilliti þýðingarlaust, hver sjúkdómur hefur að henni gengið —, og með því að jeg eptir kringumstæðunum ekki finn ástæðu til, að færa reikninginn yfir sjúkdómslegukostnaðinn niður, þá staðfestist hjer með hinn áfrýjaði amtsúrskurður í öllum greinum, og ber að sjá um, að hreppsnefndin í Holtshreppi greiði hreppsnefndinni í Húsavíkurhreppi hinar umræddu 88 kr. 49 aura. **51** 25. marz

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins í Norðuramtinu og Austuramtinu* **um hlunnindi handa sparisjóði.** — (ágrip). Með brjefi þessu eru sparisjóði Svarfdælinga endurveitt hlunnindi þau, sem um ræðir í tilsk. 5. jan. 1874 (sbr. landsh.brjef 26. febr. 1890) um 5 ára tímabil frá 31. jan. 1895 að telja, með venjulegum skilyrðum. **52** 26. marz

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins í Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um breyting á manntalsþinghám.** — Út af beiðni þeirri, er ræðir um í þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 26. f. m., frá hreppsnefndunum í Rosmhvalanes- og Miðneshreppum, um að hinn sameiginlegi þingstaður hreppanna á Skaga verði lagður niður, og hinn fyrnefndi hreppur hafi framvegis þingstað á Gerðum í Garði, en hinn síðarnefndi á Busthúsum, læt eg ekki hjá líða að tilkynna yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að hið umbeðna leyfi veitist með því skilyrði, að hreppsnefndirnar skuldbindi sig til að sjá um, að jafnan sjeu til sæmileg hús til þinghaldanna á hinum nýju þingstöðum. **53** 10. apríl

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu* **um lausamennskuleyfi.** — Í þóknanlegu brjefi dags. 1. þ. m., hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt frá því, að vinnumaður einn á Akranesi hafi beðið yður um lausamennskuleyfisbrjef, en ætli sjer ekki að nota leyfið í lögsagnarumdæmi yðar, heldur sje ásetningur hans að setjast að sem lausamaður í Reykjavík á næstkomandi vinnuhjúaskildaga. Með því að leyfisbrjefið á að vera tekið fyrir 1. maí samkvæmt lögum 2. febr. f. á. og gjaldið fyrir það á að renna í styrktarsjóð á Akranesi, teljið þjer næst liggja, að þjer gefið út brjefið. En hins vegar virðist yður álitamál, hvort hlutaðeigandi verði ekki samkvæmt 7. gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn 26. maí 1863 að leysa nýtt brjef í Reykjavík, og yrði þá niðurstaðan sú, að leyfisbrjef það, er þjer hefðuð útgefið, og sem leysti manninn frá vistarskyldunni frá næstkomandi vinnuhjúaskildaga, hefði aldrei neitt gildi, enda þyrfti maðurinn þá að greiða 2 krónum meira fyrir að geta byrjað lausamennsku er lögin gjöra ráð fyrir. Út af þessu hafið þjer beiðst úrlausnar á þeirri spurningu, hvort maður, sem fengið hefir lausamennskuleyfisbrjef og flytur sig á næsta vinnuhjúaskildaga út úr lögsagnarumdæminu, er hann hefur fengið leyfisbrjefið í, sje skyldur til þess að taka nýtt leyfisbrjef í því umdæmi, sem hann flytur sig inn í. **54** 18. apríl

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að það er álit mitt, að ákvæði 7. greinar í tilsk. 26. maí 1863: »Nú flytur nokkur, er fengið hefur leyfisbrjef, sig í annað lögsagnarumdæmi, og